

Samningur

milli Íslensku óperunnar (ÍÓ) og Félags ísl. hljómlistarmanna (FÍH) um kaup og kjör söngvara í Kór Íslensku óperunnar. Uppreiknaður skv. launavísitölu des. 2025, 1.100,1 stig.

1. Ráðningarsamningur:

- 1.1 Gera skal skriflegan ráðningasamning við hvern og einn kórsöngvara sem ráðinn er í verkefni hjá ÍÓ, minnst 6 vikum áður en sviðsæfingar hefjast. Kórinn velur sér trúnaðarmann gagnvart ÍÓ fyrir viðkomandi verkefni. ÍÓ skal senda FÍH lista yfir þá sem hafa verið ráðnir í viðkomandi verkefni.

2. Launaflokkar:

- 2.1 Kórsöngvari fær laun eftir reynslu sem hér segir:
 - A. flokkur: Hefur ekki áður tekið þátt í uppfærslu hjá ÍÓ.
 - B. flokkur: Hefur áður tekið þátt í uppfærslu(m) hjá ÍÓ.

Sé reynsla kórsöngvara annars staðar en hjá ÍÓ augljóslega sambærileg er hægt að taka hana til greina við skipan í launaflokka.

3. Æfingalaun:

- 3.1 Á sviðsæfingatíma skal kórsöngvari fá greidd tímalaun sem hér segir:
 - A. flokkur: 6.512.- krónur
 - B. flokkur: 7.227.- krónur
- 3.2 Fyrir tónlistaræfingar, áður en sviðsæfingar hefjast greiðast sömu tímalaun og fyrir sviðsæfingar, enda skal kórsöngvari kunna tónlistarhlutverk sitt til samæfinga í upphafi æfingatíma. Þurfi kórsöngvari að mæta sérstaklega í hárgreiðslu og förðun áður en æfing hefst, greiðist 1 klst. aukalega fyrir viðkomandi æfingu.

4. Sýningarlaun:

- 4.1 Kórsöngvara skulu greidd sýningarlaun sem hér segir:
 - A. flokkur: 37.875,- krónur
 - B. flokkur: 42.078.-krónur
- 4.2 Kórsöngvara skulu tryggð laun fyrir ekki færri sýningar en helming þess fjölda sem ráðgerður er í samningi samkvæmt lið 1.1 hér að framan, þó aldrei fleiri en 6 sýningarlaun.
- 4.3 Taki kórsöngvari þátt í tveimur sýningum sama daginn ber að greiða honum 50% álag fyrir seinni sýninguna.
- 4.4 Ef ráðnir eru tveir kórsöngvarar til að skiptast á í tilteknu verkefni skal sérstaklega um það samið varðandi laun, skiptingu æfingatíma og sýninga svo og önnur kjaraatriði. Báðir skulu njóta grunnkjara samkv. samningi þessum.
- 4.5 Ef um nafngreint einsöngsverkefni er að ræða skal semja um það sérstaklega.
- 4.6 Allar greiðslur skv. samningi þessum eru tengdar launavísitölu með grunni í vísitölu desember 2011 sem var 418,2 stig.

5. Æfingar á uppsetningartímabili:

- 5.1 Hámarksæfingatími á viku má vera 21 klst. Æfingar skulu aðeins vera 4 daga í viku á tímabilinu 17:00 – 23:00 virka daga og á laugardögum á tímabilinu 10-18. Undanþágu má

þó gera í einstaka tilvikum undir lok æfingatímabils, þar sem æfa má frá kl. 15 á virkum dögum að höfðu samráði við trúnaðarmann kórsins.

- 5.2 Hámarkslengd daglegra æfinga má vera 6 klst.
- 5.3 Tveimur vikum fyrir frumsýningu hefur ÍÓ svigrúm til að breyta út frá gr. 5.1 og gr. 5.2. og skal þá greiða 25% álag á tímalaun fyrir hverja yfirvinnustund umfram 21 stund á viku. Samráð skal haft við trúnaðarmann kórsins um frávik frá greinum 5.1 og 5.2.
- 5.4 Leikstjóri/hljómsveitarstjóri ákveður, í samráði við listamenn hvenær gerð skulu hlé á æfingum. Á 2 klst. æfingu skal veita 10 mínútna hlé. Á 3 klst. æfingu skal veita 15 mínútna hlé. Standi æfing í 4 klst. eða lengur ber að gera 20 mínútna hlé. Heimilt er að skipta hléi þessu í tvo hluta og skal það gert í samráði við listamennina.
- 5.5 Leitast skal við að æfingaáætlun liggi fyrir minnst þremur vikum áður en hún tekur gildi. Breytingar á æfingaáætlun skal tilkynna með minnst viku fyrirvara að höfðu samráði við trúnaðarmann. Ekki er heimilt að fella niður fleiri en tvær æfingar frá upphaflegri áætlun nema greiðsla komi fyrir og skal þá greiða sem samsvarar hálfum æfingalaunum fyrir hverja æfingu. Ef óviðráðanlegar ástæður koma upp, er ÍÓ þó heimilt að afboða æfingu með 24 klst. fyrirvara án þess að greiðsla komi fyrir.
- 5.6 Kórsöngvari skal vera laus frá æfingu a.m.k. 6 klst. áður en sýning sem hann tekur þátt í hefst.

6. Sýningar:

- 6.1 Kórsöngvara er skylt að taka þátt í sýningu hvaða dag sem er meðan Óperan starfar. Undantekningar eru þó : aðfangadagur jóla, jóladagur, gamlársgdagur, nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur og 17. júní.
- 6.2 Sýningar skal boða með minnst tveggja vikna fyrirvara. Heimilt er ÍÓ að afboða sýningu með minnst 24 klst. fyrirvara. Ef sýning er ekki afboðuð með tilskildum fyrirvara skal greiða sýningarkaup.
- 6.3 ÍÓ er heimilt að láta taka upp viðkomandi sýningu til opinberrar útsendingar í útvarpi, sjónvarpi eða annars staðar án viðbótargreiðslu til kórmeðlima.

7. Orlof, lífeyrissjóður:

- 7.1 Ofan á öll laun skv. samningi þessum skal greiða 10.17% orlof, 1% í sjúkrasjóð BHM og 0.25% í orlofsheimilaskjóð sama stéttarfélags.
- 7.2 ÍÓ greiðir 8% af launum kórsöngvara í lífeyrissjóð að vali kórsöngvara á móti 4% iðgjaldi hans og skal standa skil á þeim iðgjaldagreiðslum í samræmi við reglugerð sjóðanna.
- 7.3 Ef þess er óskað að hálfu FÍH, ber ÍÓ að innheimta félagsgjöld hjá hverjum þeim sem tekur laun skv. samningi þessum.
- 7.4 Aðalæfingar skulu greiddar sem venjulegar æfingar enda þótt áhorfendur séu viðstaddir.

8. Veikindaforföll og slysatryggingar:

- 8.1 ÍÓ ber að tryggja kórsöngvara vegna slysa sem þeir kunna að verða fyrir á boðuðum æfingum eða sýningum. Tryggingarfjárhæðir skulu vera eins og tíðkast á hinum almenna vinnumarkaði skv. samningum ASÍ og VSÍ á hverjum tíma.

9. Ýmis ákvæði:

- 9.1 Starfsár ÍÓ er frá 1. júlí til 30. júní en hlé er jafnan gert á æfingum frá 1. júlí til 15. ágúst. Verði breytingar á þessu skal kórsöngvurum tilkynnt um það fyrir 15. maí.
- 9.2 Kórsöngvara er skylt að mæta stundvíslega á boðuðum tíma bæði til æfinga og sýninga. Eftir að æfingar eða sýningar hefjast er honum óheimilt að yfirgefa staðinn án samþykkis óperustjóra/sýningarstjóra/kórstjóra.
- 9.3 Ef kórsöngvari uppfyllir ekki skyldur sínar, neitar að syngja þá sýningu sem hann er ráðinn við skv. ráðningarsamningi eða hann á annan hátt brýtur ákvæði samnings þessa er ÍÓ heimilt að rifta ráðningarsamningi hans. Sama rétt hefur kórsöngvari ef ÍÓ stendur ekki við ákvæði samnings þessa.
- 9.4 Veikist kórsöngvari skal hann tilkynna óperustjóra/sýningarstjóra það strax. Óperustjóra er heimilt að vísa viðkomandi kórsöngvara til trúnaðarlæknis Óperunnar og er ekki skylt að taka sjúkravottorð annars læknis gilt sem ástæðu fjarveru.
- 9.5 Rísi ágreiningur um þennan samning á æfinga- eða sýningatíma skal hann lagður fyrir úrskurðarnefnd sem er skipuð á eftirfarandi hátt: Einn tilnefndur af ÍÓ, einn af FÍH og oddamaður tilnefndur af aðilum sameiginlega. Nefndin skal hafa komist að niðurstöðu innan 5 daga frá því að erindið barst henni og er úrskurður hennar endanlegur.

10. Gildistími:

- 10.1 Samningur þessi gildir frá 31.janúar 2012 og er uppsegjanlegur með 6 mán. fyrirvara.

Reykjavík 31.janúar 2012

Fh. Íslensku óperunnar
Með fyrirvara um samþykki stjórnar ÍÓ

Fh. Félags íslenskra hljómlistarmanna
Með fyrirvara um samþykki kórsöngvara í Kór Íslensku óperunnar
